

**Sp.**

**744. Tillaga til þingsályktunar**

**[398. mál]**

um akstur utan vega.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Friðjón Þórðarson, Valgerður Sverrisdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Árni Gunnarsson, Óli P. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að kjósa millipinganefnd skipaða fulltrúum frá öllum þingflokkum til að gera úttekt á akstri torfærutækja og annarra vélknúinna tækja utan vega og merktra slóða og leita úrræða til að koma í veg fyrir náttúruspjöll af þessum sökum.

Tillögur nefndarinnar skulu m.a. fela í sér æskilegar breytingar og samræmingu á lögum um akstur utan vega, svo og drög að reglum um sama efni.

Nefndin skal hafa samband við ráðuneyti, stofnanir og félagsamtök sem málið einkum varðar.

Nefndin skal skila tillögum sínum í formi skýrslu til næsta reglulegs Alþingis.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

**Greinargerð.**

Akstur vélknúinna tækja utan vega er orðinn mikið vandamál hérlendis. Þar er um að ræða fjórhjóladrifna bíla, vélsleða, fjórhjól og þríhjól, svo og mótorhjól. Stöðugt bætast við á markaði nýjar gerðir ökutækja sem ekki síst eru ætluð til aksturs á vegleysum.

Ísland er óvenjuopið og varnarlaust gagnvart slíkum tækjum. Skóglendi hindrar óvíða umferð þeirra. Landið er strjálbýlt og því erfitt um eftirlit. Víðáttur á hálendi eru miklar og auðvelt að komast þar út fyrir slóðir og aka um sanda og gróðurteygingar. Víða í grennd við þéttbýli er einnig unnt að komast á þessum tækjum um úthaga og útivistarlönd. Þessar aðstæður kalla á sérstök viðbrögð hérlendis ef við viljum koma í veg fyrir að landið verði útraðkað af ökutækjum og tryggja að sæmleg friðsæld haldist í náttúrunni.

Löggjöf okkar er mjög gloppótt og mótsagnakennd. Á það m.a. við um nýsett umferðarlög sem gera ráð fyrir sérstökum „torfærutækjum“ sem ekki má aka á vegum á sama tíma og akstur að nauðsynjalausu utan vega og merktra slóða er bannaður samkvæmt náttúruverndarlögum.

Inn í landið eru þannig flutt og skráð tæki sem ekki má nota lögum samkvæmt nema í sérstökum undantekningartilvikum. Þetta á m.a. við um fjórhjól, en um 1250 slík voru flutt inn og seld á árunum 1986 og 1987. Þau hafa ekki aðeins valdið miklum náttúruspjöllum, heldur hafa orðið á þeim mörg og alvarleg slys þann stutta tíma sem þau hafa verið hér í notkun (sjá fylgiskjöl).

Á 6. náttúruverndarþingi haustið 1987 voru samþykktar svohljóðandi ályktanir varðandi fjórhjól og akstur utan vega:

„Sjötta náttúruverndarþing 1987 skorar á stjórnvöld og Alþingi að banna sölu og dreifingu torfærutækja svo sem fjórhjóla og framfylgja ákvæðum laga varðandi akstur þeirra torfærutækja, sem þegar hafa verið flutt til landsins.“

„Sjötta náttúruverndarþing 1987 vekur athygli stjórnvalda á þeim stórfelldu og stundum óbætanlegu spjöllum sem umferð fjórhjóla getur valdið á gróðri, jarðmyndunum og dýralífi. Enn fremur telur þingið að ekki megi dragast lengur að setja reglugerð um akstur utan vega og herða verði eftirlit með umferð vélknúinna ökutækja í óbyggðum árið um kring. Um leið hvetur þingið til að bættar verði merkingar fjallvega og umferð um viðkvæm svæði skipulögð.“

Verkefni nefndarinnar, sem tillagan gerir ráð fyrir, verður m.a. að móta tillögur um sölu og notkun fjórhjóra.

Jeppar komu til landsins með herliði í síðustu heimsstyrjöld og hafa verið notaðir í vaxandi mæli, framan af einkum af bændum, en hin síðari ár einnig mikið af þéttbýlisbúum. Á 6. áratugnum fór að bera á umferð þeirra utan vega, m.a. á hálendinu. Þar áttu hlut að máli ferðamenn, bændur og rannsóknarleiðangrar af ýmsu tagi. Slóðir voru lagðar, flestar ófullkomnar og ómerktar, og hver og einn taldi sig geta ekið um vegleysur eins og tæki og áhugi leyfði. Með náttúruverndarlögum, sem sett voru 1956, var reynt að sporna við óþörfum akstri utan vega og slóða. Eftirlit hefur lengst af verið mjög ófullkomið með slíkum akstri, en áróður fyrir bættari umgengni við landið hefur fengið nokkru áorkað, svo og aðhald fólks í náttúruverndarfélögum og ferðafélögum. Jeppar og stórir fjallabílar verða stöðugt betur búnir til aksturs um torfætur og talsvert er um það að Ísland sé auglýst erlendis sem kjörið land fyrir „safari“-leiðangra. Með bílferjum kemur árlega fjöldi ökumanna með það fyrir augum að spreyta sig og bíla sína við erfiðar aðstæður og auðvitað festa atburðina á filmu.

Fjölmíðlar hérlendis hafa iðulega fallið í þá gryfju að varpa hetjuljóma á fólk sem leggur upp í leiðangra með vélaherfylki um landið þvert, þar á meðal um viðkvæmar gróðurvinjar hálendisins. Það er eins og enginn muni eftir því að verið er að brjóta lög og reglur með slíkum akstri og rista spor í landið sem tekið getur áratugi og jafnvel aldir að bæta.

Vélsleðar eru mikið notaðir, bæði til gagns og gamans. Sé þeim eingöngu ekið á snjó eiga þeir ekki að valda náttúruspjöllum og í snjóþungum sveitum eru þeir mikilsverð samgöngubót. Vélsleðar valda hins vegar miklum hávaða og eru óhafandi m.a. af þeim sökum á útivistarsvæðum og í grennd við byggð.

Brýn nauðsyn er á að marka skýra stefnu um akstur utan þjóðvega og um eftirlit með settum reglum. Meginmarkmiðið hlýtur að vera að vélknúin ökutæki, sem ætluð eru til aksturs á auðu landi, fylgi eingöngu viðurkenndum og merktum slóðum, hvort sem um er að ræða fjallabíla, jeppa eða léttari tæki eins og fjórhjól, þríhjól og bifhjól. Ákveðin svæði á landinu ætti að friða algjörlega fyrir umferð vélknúinna ökutækja og banna að leggja þar akslóðir.

Athuga þarf sérstaklega um heimildir til innflutnings og sölu ökutækja sem stefnt er gegn viðurkenndum náttúruverndarsjónarmiðum. Sama gildir um skráningu tækja og aldursmörk fyrir ökumenn þeirra.

Tillagan gerir ráð fyrir því að sérstök millipinganefnd skipuð fulltrúum úr öllum þingflokkum fjalli um akstur utan vega og um þau vandamál sem honum tengjast og móti tillögur til úrbóta. Hér er um það margþætt mál að ræða að nauðsynlegt er að vönduð úttekt fari fram og samráðs sé leitað við hlutadeigandi við mótun tillagna.

Hér verða ekki taldir upp þeir mörgu aðilar sem rétt er að nefndin hafi samráð við. Fyrir utan opinbera aðila, ráðuneyti, sveitarstjórnir og stofnanir, svo sem Vegagerð ríkisins, Náttúruverndarráð, Ferðamálaráð og Umferðarráð, er eðlilegt að leita m.a. álits samtaka bænda og félagasamtaka tækjaeigenda sem stofnað hafa með sér samtök og klúbba.

Æskilegt er að hraða störfum millipinganefndarinnar eftir föngum þannig að hún geti skilað tillögum sínum í formi skýrslu til næsta reglulegs Alþingis.

## Fylgiskjöl:

1. Drög að reglum um akstur og umgengni í óbyggðum. Frá Náttúruverndarráði. Lögð fram til kynningar á náttúruverndarþingi 1984.
2. Bréf frá Náttúruverndarráði um fjórhjól o.fl. 1987.
3. Frétt dóms- og kirkjumálaráðuneytis um skráningu og akstur fjórhjóra 1987.
4. Úr umferðarlögum, nr. 50/1987, um torfærutæki o.fl., og úr náttúruverndarlögum um akstur í óbyggðum.

## Fylgiskjal I.

### **Tillaga Náttúruverndarráðs um reglugerð um akstur og umgengni í óbyggðum.**

#### 1. gr.

Þegar rætt er um óbyggðir í reglugerð þessari, sbr. 13. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971, er átt við allt óræktað land, nánar tiltekið allt land utan túna og ræktaðra beitolanda svo og annað land sem sambærilegt má teljast varðandi það efni sem reglugerð þessi tekur til.

Nú þykir vafi leika á því hvar mörk skv. 1. mgr. liggi og sker þá menntamálaráðuneytið úr.

#### 2. gr.

Frá 15. apríl til 1. júlí ár hvert er allur akstur vélknúinna ökutækja, sbr. 2. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, óheimill í óbyggðum utan stofnbrauta, þjóðbrauta og sýsluvega. Vegamálastjóri getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu að því er varðar aðalfjallvegi og fjallvegi, en Náttúruverndarráð að því er varðar annan akstur í óbyggðum. Þá getur vegamálastjóri skv. 67. gr. vegalaga nr. 6/1977 framlengt lokun skv. 1. mgr. á einstökum fjallvegum, ef nauðsyn ber til. Vegamálastjóri og Náttúruverndarráð auglýsa í Lögbirtinga- blaði eigi síðar en 31. mars ár hvert þau frávik frá ákvæðum 1. málsl. sem talið er rétt að gera á sumri komanda.

#### 3. gr.

Bannaður er akstur utan vega eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. svo og ökuslóða, en það merkir í þessari reglugerð áberandi, óuppbyggða ökuleið.

Heimill er þó akstur utan vega og ökuslóða ef í hlut eiga björgunarmenn vegna slysfara.

Heimilt er að aka utan vega og ökuslóða ef slíkt telst nauðsynlegt vegna hagnýtingar lands til landbúnaðar, en þess skal vandlega gætt að af akstri hljótist sem minnst spjöll eða lýti. Stjórn fjallskiladeildar og sveitarstjórn, þegar um heimalönd er að ræða, skal fylgjast með því að þess sé gætt, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Henni ber að gera hlutaðeigandi náttúruverndarnefnd eða Náttúruverndarráði aðvart ef misbrestur verður á og þessar stofnanir geta ekki sjálfar látið bæta úr.

Þá er slíkur akstur heimill ef nauðsynlegt telst vegna rannsóknar sem opinber stofnun hefur með höndum eða rannsóknar sem fer fram í umboði eða með leyfi slíkrar stofnunar. Áður en rannsókn hefst skal skýrt afmarkað hversu víðtæk rannsóknin er þannig að ljóst verði hver nauðsyn er á akstri utan vega og merktra slóða. Þegar um er að ræða rannsóknir, sem ætlað er að standi í nokkurn tíma, skal þegar í upphafi ákveða eftir því sem frekast er

unnt akstursleið (leiðakerfi) sem nauðsyn er á. Skyld er að veita Náttúruverndarráði upplýsingar um þetta ef óskað verður. Þá skal stofnun sem í hlut á vekkja sérstaka athygli rannsóknaraðila á skyldum sínum samkvæmt reglugerð þessari.

Ákvæði 3. og 4. mgr. taka ekki til friðlýstra svæða. Þar er slíkur akstur óheimill, nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.

Stefnt skal að því að ökuslóðir í óbyggðum verði merktar með stikum og merkjum samkvæmt reglugerð um umferðarmerki nr. 414/1978 eða útivistarmerkjum Náttúruverndarráðs eftir því sem við á, en með útivistarmerkjum er átt við þau merki sem Náttúruverndarráð lætur setja upp til upplýsingar á friðlýstum svæðum.

#### 4. gr.

Náttúruverndarráð getur takmarkað ferðir á vélsleðum og öðrum vélknúnum ökutækjum um óbyggðir á þeim tíma og á þeim stöðum sem það telur að slíkar ferðir geti valdið truflun eða náttúruspjöllum.

#### 5. gr.

Aðili, sem óskar að halda keppni í akstursíþróttum er fram fari í óbyggðum að nokkru eða öllu leyti, þarf til slíks sérstakt samþykki Náttúruverndarráðs. Ráðið getur bundið samþykki sitt þeim skilyrðum sem það telur nauðsynleg þannig að komið verði í veg fyrir náttúruspjöll, þar á meðal takmarkað fjölda bifreiða í keppni. Þá getur Náttúruverndarráð áskilið að aðili leggi fram hæfilega tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar sem orðið gæti við að lagfæra skemmdir sem af keppni kynni að leiða.

#### 6. gr.

Sá aðili, sem annast undirbúning að meiri háttar mótum hestamanna þar sem gera má ráð fyrir verulegri umferð með hesta um óbyggðir, skal tilkynna Náttúruverndarráði slíkt með hæfilegum fyrirvara. Í tilkynningu skal koma fram hvar og hvenær gert er ráð fyrir þeim ferðum sem um getur í 1. málsl. Skyld er að fara að leiðbeiningum ráðsins þannig að ekki komi til landspjalla.

Sama gildir um þá sem í atvinnuskyni skipuleggja ferðir á hestum um óbyggðir.

#### 7. gr.

Hver sá, sem um óbyggðir fer, skal gæta þess að skilja hvergi eftir neins konar úrgang sem hætta eða óþrýði stafar af. Öllum úrgangi skal komið fyrir í þar til gerðu sorpíláti eða hann fluttur á sorphaug.

Áningarstað skal maður ávallt yfirgefa þannig að þar sé ekkert eftir skilið sem lýtir umhverfið.

#### 8. gr.

Þess skal vandlega gætt að ekki sé gróðri eytt eða spillt með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða þá á annan hátt.

Óheimilt er að gera eld á grónu landi.

Á ógrónu landi er heimilt að gera eld, enda sé þannig frá eldstæði gengið að ekki stafi hætta af og öll verksummerki séu síðan afmáð.

Óheimilt er að gera áletranir á náttúruminjar.

#### 9. gr.

Bannað er að brjóta úr skálum hvera eða raska útliti þeirra á nokkurn hátt. Einnig er bannað að kasta í þá grjóti eða öðru.

10. gr.

Sá sem annast fararstjórn hóps, sem um óbyggðir fer, ber ábyrgð á því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt. Honum er skylt að vekja athygli hópsins á þeim ákvæðum reglugerðarinnar, sem lúta að umgengni ferðamanna, sbr. og 12. gr. reglugerðar nr. 130/1980.

11. gr.

Óheimilt er að reisa í óbyggðum sumarbústaði, veiðiskála, fjallaskála, sæluhús og aðrar slíkar byggingar, nema samkvæmt staðfestu skipulagi. Ef óskað er leyfis til að reisa slíkar byggingar á óskipulögðu svæði, þurfa til að koma meðmæli Náttúruverndarráðs. Þá þarf samþykki ráðsins til að gera göngustíga í óbyggðum, merkja leiðir með stikum eða setja þar upp annars konar merkingar.

12. gr.

Varast skal að valda umhverfisspjöllum í óbyggðum með því að flytja að grjót til óþarfa vörðuhleðslu, setja þar upp minnismerki eða ráðast í áþekkar framkvæmdir sem ekki falla að umhverfinu.

Nú telur Náttúruverndarráð að framkvæmd, sem um ræðir í 1. mgr., horfi til óþæginda eða umhverfisspjalla og er þá heimilt að láta fjarlægja hana.

13. gr.

Innan marka friðlýsts svæðis er óheimilt að halda mannfundi, t.d. skemmtisamkomur, fundi og íþróttakeppni, sem af geta stafað landspjöll og/eða ónæði fyrir ferðamenn, nema því aðeins að sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

Á friðlýstu svæði má einungis tjalda á skipulögðum tjaldsvæðum eða þar sem landvörður heimilar sérstaklega. Náttúruverndarráði er heimilt að takmarka fjölda gesta á ákveðnu svæði eða loka því ef ráðið telur að land liggir undir skemmdum vegna örtraðar.

Þá er heimilt að auglýsa friðlýst svæði þannig að brjóti í bága við friðlýsingu.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða varðhaldi. Sektir renna í ríkissjóð. Náttúruverndarráð getur krafist þess að sá sem brýtur í bága við ákvæði reglugerðar þessarar sé skyldur að bæta úr spjöllum sem hann kann að hafa valdið að viðlögðum 2000 kr. dagsektum.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 37. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971, sbr. 13. gr. Ákvæði reglugerðar nr. 205/1973 um náttúruvernd halda gildi sínu hvað snertir óbyggðir að því leyti sem ákvæðin samræmast reglugerð þessari.

## Fylgiskjal II.

**Bréf Náttúruverndarráðs til allsherjarnefndar neðri deildar um „torfærutæki“ í frumvarpi til laga um umferðarmál.**  
(16. mars 1987.)

Í frumvarpi til nýrra umferðarlaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, eru ýmis ákvæði sem tengjast lögum um náttúruvernd. Náttúruverndarráð beið lengi eftir að fá þetta frumvarp til umsagnar, en fékk aldrei.

Þar sem hugmyndir um fjórhjól og önnur torfærutæki og umferð þeirra sem koma fram í breytingartillögum sem gerðar hafa verið við frumvarpið nú síðustu vikunnar ganga að mati Náttúruverndarráðs alvarlega í berhögg við ákvæði nokkurra greina náttúruverndarlaga sér ráðið sig knúð til að koma örfáum athugasemdum um þessi mál á framfæri þó að seint sé.

Í einni af þeim breytingartillögum sem liggja fyrir við 2. gr. frumvarpsins er þannig gert ráð fyrir að skilgreining á ökutækinu „vélsleði“ verði felld niður og innleitt í staðinn samheitið „torfærutæki“ sem m.a. skal ná yfir vélsleða og fjórhjól.

Náttúruverndarráð leggst eindregið gegn tillögum sem gera ráð fyrir lögleiðingu orðsins torfærutæki eins og það er skilgreint í framangreindri tillögu við frumvarpið.

„Torfærutæki:

Vélknúð ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til dráttar, ýmist ætlað til aksturs á vegum jafnt sem vegleysum eða aðallega á vegleysum og er á tveimur, þremur eða fjórum hjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.“

Hér er um að ræða orðalag sem stríðir gegn ákvæðum í 13. gr. náttúruverndarlaga en þar segir m.a.: „Er ráðinu er skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúruspjöll geta hlotist af.“ Framangreind skilgreining á orðinu torfærutæki mundi hafa í för með sér heimild til þess að nota sérstaklega búin ökutæki til aksturs um vegleysur, þ.e. holt og móa, eða hvar sem hugurinn girnist.

Náttúruverndarráð á nú í nægilegum erfiðleikum við að framfylgja reglum um akstur þeirra ökutækja sem nú þegar eru í notkun, þó að ekki sé bætt við einu tæki enn sem beinlínis er hannað til aksturs utan vega.

Náttúruverndarráði hefur á síðustu vikum og mánuðum borist fjöldi kvartana frá einstaklingum, náttúruverndarnefndum og samtökum um spjöll á gróðri víðs vegar af landinu. Þó er ekki enn kominn sá árstími þegar gróður er viðkvæmastur fyrir hvers konar akstri utan vega.

Enn fremur hefur sú tiltölulega stutta reynsla sem fengist hefur af notkun fjórhjólátækja á Íslandi leitt það í ljós að þau eru fyrst og fremst notuð sem leikföng, mest af unglingum.

Loks skal bent á að víða erlendis er innflutningur á tækjum sem brjóta augljóslega gegn almennum lagaákvæðum einfaldlega bannaður.

Náttúruverndarráð leggst eindregið gegn lagaákvæðum sem gera ráð fyrir að ákveðin „torfærutæki“ séu aðallega ætluð til notkunar á vegleysum þar sem það stríðir gegn þeim ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 47/1971, sem banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, og leggur til eftirfarandi:

- a. Orðið „torfærutæki“ verði ekki tekið upp í umferðarlögum sem samheiti fyrir vélsleða, fjórhjól og önnur tæki. Í stað þess verði fjórhjól skilgreind og skráð sem ökutæki eða vinnuvél, ef á annað borð er talið nauðsynlegt að flytja þau inn til landsins.
- b. Notkun fjórhjóla til tilgangslauss aksturs utan vega verði ekki leyfður, heldur einungis til sérstakra hagnýtra nota, svo sem við björgunarstörf og við sérstæð vinnuskilyrði þar sem erfitt er að koma öðrum tækjum við.

Þess er vænst að við afgreiðslu umferðarlaga verði ekki bætt við nýju vandamáli á sviði umhverfismála á Íslandi, næg eru þau fyrir.

*Gísli Gíslason,*  
framkvæmdastjóri.

**Bréf Náttúruverndarráðs til náttúruverndarnefnda um akstur torfærutækja.**

(22. apríl 1987.)

Náttúruverndarráð vekur athygli náttúruverndarnefnda á meðfylgjandi reglum um skráningu torfærutækja og umferð þeirra. Í framhaldi af því er minnt á störf náttúruverndarnefnda eins og þau eru skilgreind í 3. gr. reglugerðar um náttúruvernd þar sem segir að eitt af hlutverkum nefndanna sé:

„Að hafa gát á akstri utan vega og umgengni í óbyggðum og gera tilögur til Náttúruverndarráðs eða annarra rétttra aðila um úrbætur, þar sem spjöll af slíkum akstri hafa orðið eða eru yfirvofandi“.

Náttúruverndarráði hafa borist fjölmargar ábendingar um landspjöll sem hlotist hafa af gáleysislegum akstri þessara ökutækja og skoðuð hafa verið svæði sunnan lands illa eru farin af þeirra völdum. Um akstur þessara ökutækja gilda sömu reglur og um akstur annarra ökutækja utan vega, jafnt í byggð sem óbyggðum. Á nokkrum þéttbýlissvæðum mun vera í undirbúningi að setja reglur um akstur á opnum svæðum og borist hefur samþykkt búnaðarfélags í einum hreppi þar sem bent er á nauðsyn þess að vernda heiðasvæði gegn akstri torfærutækja.

Náttúruverndarráð vill með þessu bréfi hvetja náttúruverndarnefndir til þess að taka þessi mál til umfjöllunar og vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum því að eins og nú horfir stefnir í óefni vegna mikillar fjölgunar þessara tækja. Ökutæki þessi eru komin til landsins og verður trúlega ekki komist hjá því að benda á hentug „leiksvæði“ sem lið í aðgerðum gegn landspjöllum af völdum gáleysislegs aksturs þessara ökutækja.

*Gísli Gíslason,*  
framkvæmdastjóri.

**Bréf Náttúruverndarráðs til dómismálaráðuneytis um umferð torfærutækja.**

(24. apríl 1987.)

Samkvæmt reglum um skráningu torfærutækja er birtust í Stjórnartíðindum 2. apríl 1987 eru ökutæki þessi aðallega ætluð til notkunar utan vega.

Vakin er athygli ráðuneytisins á 13. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971, og 12. gr. reglugerðar um sama efni nr. 205/1973 þar sem bannaður er allur óþarfa akstur utan vega eða merktra vegarslóða, þar sem hætt er við að spjöll hljóttist á náttúru landsins.

Náttúruverndarráð lítur svo á að þar sem lögleyfð hafa verið ökutæki sem aðallega eru ætluð til aksturs utan vega beri löggæsluadilum að sjá til þess að öikumenn þeirra fari í einu og öllu að lögum við akstur jafnt á vegum sem utan þeirra.

Náttúruverndarráði hafa þegar borist margar ábendingar um spjöll af völdum aksturs utan vega á þessum ökutækjum og óskar ráðið eftir að fá upplýsingar um hvernig löggæsluadilum er ætlað að sjá um að öikumenn þessara tækja fari að lögum.

*Gísli Gíslason,*  
framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal III.

#### **Frétt frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu um skráningu og akstur fjórhjóla.** (5. júní 1987.)

Í tilefni af gagnrýni sem fram hefur komið á reglur um skráningu torfærutækja, svokallaðra fjórhjóla (dvergjeppa), og vegna fréttar af akstri þessara ökutækja utan vega og spjöllum á gróðri af þeirra völdum vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Reglur þær sem ráðuneytið setti voru settar á grundvelli gildandi umferðarlaga með tilliti til umferðar og umferðaröryggis og með hliðsjón af ákvæðum í nýjum umferðarlögum sem samþykkt voru á síðasta Alþingi. Takmörkun á notkun þessara tækja á vegi er því eingöngu gerð vegna umferðaröryggis. Reglurnar fjalla hins vegar ekki um akstur út frá öðrum sjónarmiðum, svo sem gert er í náttúruverndarlögum. Að því leyti gilda um akstur fjórhjóla sömu reglur og um önnur ökutæki.

Ráðuneytið leggur á það áherslu að öll umferð utan vega er háð ákvæðum náttúruverndarlaga og náttúruverndarreglugerðar, en samkvæmt þessum ákvæðum skal öllum „skytt að sýna varúð svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu“ og „bannaður er allur óþarfa akstur utan vega eða merktra vegarslóða, þar sem hætt er við að spjöll hljótist á náttúru landsins“. Heitir ráðuneytið á öikumenn fjórhjóla sem og öikumenn annarra ökutækja að virða þær reglur. Ráðuneytið bendir hins vegar á að lög banna ekki alla umferð ökutækja utan vega eða vegarslóða, svo sem t.d. akstur bónda á jörð sinni.

Í bréfi til allra lögreglustjóra hefur ráðuneytið lagt áherslu á að lögreglu verði beitt til að koma í veg fyrir alla misnotkun ökutækja að þessu leyti. Hefur ráðuneytið í því sambandi einkum bent á þau svæði sem náttúruverndarreglur ná sérstaklega til og svæði landgræðslunnar, en einnig á aðra staði þar sem hætta er á spjöllum eða spjöll hafa orðið, svo sem með því að skilja eftir spor í ósnortinni náttúru. Ráðuneytið telur að koma þurfi í veg fyrir allan tilgangslausan og óþarfan akstur um gróid land, óheimila för um lönd annarra hvort heldur er í opinberri eigu eða einkaeign og akstur á reiðleiðum eða vegarslóðum sem ætlaðir eru göngumönnum. Þá telur ráðuneytið að gera beri þá kröfu til öikumanna að þeir sýni tillitssemi og dómgreind í akstri sínum og umgengni við náttúru landsins. Telur ráðuneytið að beita beri fyllsta aðhaldi og einbeitni við eftirlit á þessu sviði.

Ráðuneytið hvetur notendur torfærutækja til að temja sér nærgætni við gróður og náttúru landsins þannig að eigi þurfi að koma til afskipta lögreglu.

### Fylgiskjal IV.

#### **Úr umferðarlögum.**

##### *a. Úr 2. gr. (skilgreiningar).*

##### *Torfærutæki:*

- a. Vélknúid ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.
- b. Vélknúid ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga utan vega og er á hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.



*b. Úr 43. gr., torfærutæki.*

Eigi má aka torfærutæki á vegi, sem ekki er einkavegur, frekar en hér greinir.

Sá sem þarf að aka yfir veg, sem ekki er einkavegur, má aka eftir veginum skemmstu leið sem hentug er. Sama er af aðstæður utan vegar gera það nauðsynlegt að aka eftir veginum.

Ökumaður torfærutækis skal nema staðar áður en ekið er inn á veg. Vegfarandi á veginum skal hafa forgang.

Eigi má flytja farþega á torfærutæki, sem er á hjólum, eða á ökutæki sem tengt er við torfærutæki þegar ekið er á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi þar sem umferð er almenn.

Á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi, þar sem umferð er almenn, má eigi aka torfærutæki hraðar en 40 km á klst.

Ákvæði 1., 4. og 5. mgr. gilda eigi um akstur í þágu öryggis- eða heilsugæslu.

*c. Úr 55. gr. (4. mgr.), stjórnendur torfærutækja.*

Enginn má stjórna torfærutæki nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða ökuskírteini til að mega stjórna öðru vélknúnu ökutæki. Ökuskírteini til að mega stjórna torfærutæki má eigi veita þeim sem er yngri en 15 ára enda hafi hann áður fengið tilskilda ökukennslu.

**Úr lögum um náttúruvernd.**

*13. gr.*

Öllum er skylt að sýna varúð, svo að náttúra landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

Náttúruverndarráð skal setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum þar á meðal um merkingu bílaslóða. Er ráðinu skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotist. Það skal og gera tillögur til réttra aðila um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra eða setja bein fyrirmæli þar um.

Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óprýði, svo og að bera rusl eða sorp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða á árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningarstað og tjaldstæði, er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni, þannig að ekkert sé þar eftir skilið, sem lýti umhverfið.

Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim né fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess er sannur er að broti á þessu fyrirmæli.